

**103. afgreiðslufundur Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar (SBE)
haldinn á skrifstofu SBE, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, föstudaginn 12. desember
2025 og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Jón Stefán Laxdal og Arnar Ólafsson.

Fundargerð ritaði: Jón Stefán Laxdal, Verkefnisstjóri byggingarmála.

Dagskrá:

1. Austurhlíð - Umsókn um byggingarleyfi - E2511024

Erindi dagsett 24.11.2025 þar sem Yard ehf. sækir um byggingaráform og byggingarleyfi fyrir breyttri notkun íbúðarhúss á lóðinni Austurhlíð, Svalbarðsstrandarhreppi. Erindinu fylgja uppdráttir frá Valbirni Ægi Vilhjálmsyni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin.

2. Grund I L152609 - Fjós viðbygging - 2506005

Erindi dagsett 3.6.2025 þar sem Ljósaborg ehf. sækir um byggingaráform og byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við fjós á lóðinni Grund I, Eyjafjarðarsveit. Erindinu fylgja uppdráttir frá Guðjóni Þóri Sigfússyni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin.

3. Kotra 19 - Umsókn um byggingarheimild - E2509044

Erindi dagsett 24.11.2025 þar sem Húsasmiðjan ehf. sækir um breytingar á áður samþykktum teikningum af einbýlishúsi á lóðinni Kotra 19, Eyjafjarðarsveit. Erindinu fylgja uppfærðir uppdráttir frá Emil Þór Guðmundssyni í samræmi við athugasemdarlista.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

4. Leyningur - frístundahús 2021 - 2101005

Erindi dagsett 26.11.2025 þar sem Sigurður Hólmgeir Baldursson sækir um breytingar á áður samþykktum teikningum af frístundahúsi á lóðinni Leyningur, Eyjafjarðarsveit. Erindinu fylgja uppdráttir frá Aðalgeir T. Stefánssyni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

5. Gásir - tilkynning um framkvæmdir undanþegnar byggingarleyfi - H2511042

Erindi dagsett 17.11.2025 þar sem AK Hestaferðir ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir gám á lóðinni Gásir, Hörgársveit.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir veitingu stöðuleyfis til 12 mánaða.

6. Moldhaugar landspíla 1 - Umsókn um byggingarheimild - H2510028

Erindi dagsett 24.10.2025 þar sem Skútaberg ehf. sækir um byggingaráform og byggingarleyfi fyrir bogaskemmu á lóðinni Moldhaugar landspílda 1, Hörgársveit. Innkomin ný gögn 3.12.2025 frá Haraldi S. Árnasyni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir byggingaráformin.

7. Pálmholt - Umsókn um byggingarheimild - H2511008

Erindi dagsett 06.11.2025 þar sem Þórður Stefánsson sækir um flutningsleyfi fyrir einbýlishús frá jörðinni Pálmholt, Hörgársveit yfir á lóðina Hjalteyrarvegur 16, Hörgársveit.

Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00

Jón Stefán Laxdal

Arnar Ólafsson